



Hvað er faglegt hæfnismat?

Dr. Ásta Bjarnadóttir vinnusálfræðingur,
forstöðumaður hjá Háskóla Íslands






Hvað þýðir “faglegt” í þessu samhengi?

- Hugtakið vísar í ákveðna **faggrein** (profession), sbr. læknisfræði, sagnfræði, hagfræði, líffræði...
- Hver faggrein byggist á **aðferðafræði** við þekkingaröflun (science) og ákveðnum **vinnubrögðum** sem byggja á þeirri þekkingu (practice).
- Starfsmannaval: Faggreinin er **vinnusálfræði** (industrial/organizational psychology), en einnig **mannauðsstjórnun** (HRM).
- Með þessari aðferðafræði hefur byggst upp mikil **þekking á hæfnismati** (70+ ár í USA).





Hvar er þessi þekking?





Dæmi um það sem við vitum


- Meðalforspárgildi aðferða við mat á umsækjendum (byggt á heildargreiningum, meta-analysis)
 - Óformlegt viðtal (spjall): leiðrétt fylgni við frammistöðu=**0,14**
 - Kerfisbundið viðtal og getupróf: leiðrétt fylgni við frammistöðu=**0,63**
 - Starfsæfing og getupróf : leiðrétt fylgni við frammistöðu=**0,63**

(Schmidt og Hunter, 1998)





Hver ráðning er forspárverkefni



Afkastamunur er talinn vera 2-14 faldur.

Umsækjendahópurinn myndi raðast á svona kúrvu ef þeir fengju allir að spreyta sig í starfinu. Verkefnið er að finna þann einstakling sem við **spáum** að muni vera efst í kúrvunni.





Vandinn í forspá

**Góð
frammistaða**

**Viljum
forðast**

**Viljum
hámarka!**

**Slakari
frammistaða**

**Viljum
hámarka!**

**Viljum
forðast**


Ekki ráðnir

Ráðnir





Æskileg niðurstaða úr hæfnismati





Skref 1: Greining á starfinu

- Skilgreina starfið (viðtöl, fyrirbyggjandi gögn).
- Skrá verkefni og verkþætti.
- Skrá **hæfnisþætti** (“KSAO”)
 - K: Þekking (t.d. þekking á stjórnsýslunni, lýðheilsumálum, eiturefnum)
 - S: Færni (t.d. breytingastjórnun, munnlegtjáning, ritfærni, hópvinna)
 - A: Geta (t.d. greiningarhæfni, óhlutbundin hugsun, líkamlegur styrkur)
 - O: Annað (t.d. leiðtogahæfileikar, skapstilling, áræðni, samviskusemi, áhugi, heiðarleiki)
- Hægt að ákveða mismunandi **vægi** á þessa þætti, setja **skilyrði**.

...útbúa auglýsingu út frá þessu





Skref 2: Hæfnisþættir og matsaðferðir

Dæmi um tengingu **aðferða** og **hæfnisþátta**

	Stjórnunar- hæfileikar	Þekking á sviði A	Þekking á sviði B	Tungumála- kunnátta	Samskipta- leikni
Skoðun á CV	X	X	X		
Viðtal	X	X	X	X	X
Starfsæfing	X	X			X
Persónuleika- próf	X				X
Skriflegt verkefni		X	X		
Umsagnir	X	X	X	X	X





Skref 3: Útfærsla matsaðferða

- Skrifa kerfisbundin og hegðunartengd **viðtöl** (og matskvarða).
- Þróa starfs**æfingar**: Skriflegar æfingar, verklegar æfingar, sýnishorn vinnu (og matskvarða).
- Velja **próf** sem eiga við (persónuleikapróf, getupróf).
- Skrifa spurningar fyrir öflun **umsagna** (og matskvarða).
- Undirbúa hvernig uppfyllt verður krafan um **skráningu** mikilvægra gagna (23. gr. uppl.) vegna mögulegs endurmats á ferlinu síðar.

ATH! Á hvaða formi skal niðurstaðan vera?





Skref 4: Fyrsta val - ferilskrár

- (Útiloka fyrst vanhæfi þeirra sem meta)
- Einn eða fleiri (helst 3) skoða umsóknagögn (hver í sínu lagi) og **gefa stig** (1-3) fyrir þá hæfnisþætti sem ætlunin er að meta út frá ferilskrá.
- Úrvinnsla: **Nauðsynlegir** hæfnisþættir eða bakgrunnspættir leiða til útilokunar ef þeir eru ekki uppfylltir, **æskilegir** þættir fá einfalt eða tvöfalt vægi.

...þannig er ákveðið hverjir halda áfram í ferlinu.





Skref 5a: Matsaðferðum beitt

- Matsaðferðum beitt einni af annarri, byrjum t.d. á viðtali
- Hér er mismunandi hve miklu við viljum **kosta til...\$\$\$**
- Stig gefin á matskvörðum, fyrir þá hæfnisþætti sem aðferðin mælir.
 - Því fleiri matsmenn því betra.
- Ekki hægt að forðast huglægt mat en við gætum þess að það sé málefnalegt og komum því á **tölulegt form** til að hægt sé að vinna með það á kerfisbundinn hátt.
- Lykilatriði: Sjálfstætt mat hvers matsmanns á hverju stigi.





Skref 5b: Matsaðferðum beitt áfram...

- Hver umferð matsins alveg stöðluð
 - Jafnlöng viðtöl, sama fólk viðstatt þau öll, sömu spurningar, sömu verkefni lögð fyrir.
- Framkvæmd matsins er oftast í nokkrum umferðum.
 - Því fleiri matsaðferðir sem eru notaðar því betra.
- Einhverjir **detta út** í hverri umferð
 - Alltaf byggt á tölulegri stigagjöf út frá viðeigandi hæfnisþáttum.
 - Málefnalegt: Þeir sem detta út milli umferða hafi komið marktækt lakar út í næstu umferð á undan.





Skref 6: Niðurstaða


- Skoðum þá sem standa eftir í stigagjöf í lok allra umferða.
- Getum við uppfyllt óskir um form á skilagrein?
 - Ef óskað var eftir **röðun**, bjóða gögnin upp á það?
 - Ef ekki, þá flokka í **hópa** (jafnvel þótt beðið hafi verið um röðun).
- Þarf e.t.v. að bæta við umferðum í matinu til að greina á milli þeirra efstu?

Skilum af okkur matinu til þess sem tekur ákvörðun.





Rauður þráður “KSAO”





Framtíðarsýn

- Ofangreind aðferðafræði verði nógu útbreidd hér á landi til að ...
 - a) fjölga þeim tilvikum þar sem sá er ráðinn sem líklegastur er til að standa sig best.
 - b) hærri meðalhamingja fólks í starfi 😊
 - c) fækka kærumálum, og dómara þurfi ekki að reiða sig á eigin greiningu á menntun og reynslu skv. ferilskrá.

